

Menntamálaráðherra

9. nóvember 2005

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Málefni: Menntun fanga.

Í skýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins, dags. 12. október 2004, „Um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna“ koma fram markmið stofnunarinnar varðandi framkvæmd fullnustu refsinga. Í skýrslunni segir m.a.: „*Áð lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einstaklingsmiðaða áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og ábættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu.*“

Lög nr. 49/2005 um fullnustu refsinga, sem gildi tóku 1. júlí sl., byggja m. a. á stefnumótun stofnunarinnar enda er hún tekin upp í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum.

Menntun fanga er þýðingarmikill þáttur í endurhæfingu þeirra og kennsla í einhverri mynd hefur farið fram á Litla-Hrauni frá því um 1970. Í dag hefur Fjölbrautaskóli Suðurlands umsjón með skólahaldi fanga í fangelsinu og er reynt að miða námsframboð við aðstæður hverju sinni. Nokkur aðstaða er til kennslu á staðnum en þó hefur þurft að vísa föngum frá eða setja þá á biðlista. Verklegt nám er í lágmarki. Nemendur hafa verið á bilinu 25-30 á hverri önn og árangur oft vel viðunandi. Hins vegar

flosna margir nemendur upp úr námi m.a. vegna ónógrar grunnmenntunar og jafnvel vegna ófullnægjandi lestrarkunnáttu eða dyslexíu.

Menntaskólinn í Kópavogi hefur annast kennslu í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 en þar er að jafnaði einn klefi notaður sem kennslustofa. Ekki er boðið upp á reglubundið nám í öðrum fangelsum landsins þ.e. í Hegningarhúsinu, á Kvíabryggju og Akureyri en lítillega hafa fangar þó getað stundað fjarnám með aðstoð ættingja eða vina. Notkun internets, sem sífellt er að verða þýðingarmeiri þáttur í allri kennslu og menntun yfirleitt, hefur ekki verið heimiluð af öryggisástæðum. Þó eru nemendur á Litla Hrauni tengdir við vef Fjölbrautaskóla Suðurlands undir eftirliti kennslustjóra ákveðinn tíma á dag.

Samkvæmt áætlunum Fangelsismálastofnunar standa fyrir dyrum ýmsar breytingar í fangelsum landsins. Á Kvíabryggju mun föngum fjölga úr 14 í 22. Í því sambandi er fyrirhugað að bjóða upp á nám í samvinnu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Varðandi Fangelsið Akureyri þá eru sömuleiðis áformaðar umfangsmiklar breytingar þar sem gera verður ráð fyrir einhverskonar námsmöguleikum. Í nýju fangelsi á Hólmsheiði verður einnig að vera unnt að sinna einhverju námi þrátt fyrir að það fangelsi sé einkum hugsað sem móttöku-, gæsluvarðhalds- og meðferðarfangelsi. Fangelsið Kópavogsbraut 17 og Hegningarhúsið verða lögð niður.

Fangelsismálastofnun telur brýnt að við framtíðaruppbyggingu fangelsanna verði sérstaklega hugað að námsmöguleikum fanga enda þýðingarmikið atriði við endurhæfingu þeirra eins og áður er vikið að. Huga þarf sérstaklega að fjarkennslu í gegnum netið en fullur hugur er á að auka þann möguleika sem fangar hafa í dag til að nýta sér þá tækni. Einnig þarf að líta til aukinnar verkmenntunar fanga svo og náms í heilsurækt, tónmennt, matreiðslu og jafnvel frumkvöðlamennt svo nokkuð sé nefnt. Allstór hópur fanga hefur af ýmsum ástæðum fallið úr skyldunámi. Með vísan til þessa má segja að þeir eigi ákveðinn rétt á að haldið sé áfram þar sem frá var horfið. Þá er að verða algengara að til afplánunar komi menn sem jafnvel huga á háskólanám eða þá að þeir hafa lokið undirbúningi fyrir slíkt nám í fangelsinu og óska þess eðlilega að áfram verði haldið. Fjöldi útlendinga í fangelsunum hefur einnig vaxið stórlega á síðustu árum. Sú staðreynd skapar skiljanlega ákveðin vandamál í þessum málaflokki.

Skort hefur á að yfirvöld fangelsis- og menntamála hafi mótað stefnu í þessum málaflokki. Á þessu stigi málsins telur Fangelsismálastofnun því brýnt að settur verði á laggirnar starfshópur sérfróðra aðila sem geri tillögur að slíkri stefnumótun. Æskilegt væri

að starfshópurinn/nefndin samanstæði af sérfræðingi frá menntamálaráðuneytinu, fangelsiskennara, auk fulltrúa frá fangelsum, Fangelsismálastofnun og ef til vill fleiri aðilum. Fangelsismálastofnun óskar þess hér með að menntamálaráðuneytið skipi slíkan starfshóp/nefnd og að fulltrúi ráðuneytisins hafi þar formennsku.

Valtýr Sigurðsson (sign)

Afrit: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið